

Reglur um söfun/skólaferðalag í Valsárskóla, 9. - 10. bekkur

Farið er í skólaferðalag annað hvert vor í Valsárskóla og fara nemendur í ferðalagið ásamt einum til tveimur kennurum og einu til tveimur foreldrum eftir þörfum. Æskilegt er að í fararstjóra hópnum séu karl og kona. Ferðin er fjármögnuð með sameiginlegri söfnun þar sem nemendur og foreldrar þeirra vinna í samvinnu að söfnun í u.þ.b. 2 ár. Ferðasjóður greiðir allan kostnað vegna ferðarinnar nema laun kennara.

Reglur vegna skólaferðalags:

1. Mikilvægt er að allir nemendur í hópnum taki ábyrgð á allri framkvæmd og skipti með sér verkum með aðstoð foreldra. Merkt er við í skjali hverjir taka þátt í fjáröflunum og öðrum viðburðum og sér gjaldkeri um það.
2. Áriðandi er að foreldrar jafnt sem nemendur gæti þess að vinna skiptist jafnt á nemendur og heimili. Þegar um söfnun er að ræða s.s. flöskusöfnun, sölu og vinnuframlag verða allir að leggja sitt af mörkum. Skipulagningu og ábyrgð er deilt milli foreldra og barna.
3. Mikilvægt er að alltaf sé einn fulltrúi frá hverju heimili. Stundum geta foreldrar og/eða börn ekki mætt og er þá nauðsynlegt að láta vita og taka virkan þátt í öðrum verkefnum. Til að hægt sé að meta það er nauðsynlegt að skrá niður þátttöku allra nemenda og heimila í öllum söfnunum/viðburðum. Ef einstakir nemendur og foreldrar leggja lítið sem ekkert af mörkum þurfa þeir að greiða hluta kostnaðar við ferðina sem reiknuð er út miðað við stöðu sjóðsins og þátttöku í fjáröflun. Einnig ef nemandi kemur inn í söfnun seint, þá er reiknuð út hlutfallsleg staða á sjóðnum og nemandi (forráðamenn) þurfa að greiða líkt og þeir hafi verið með frá byrjun. Hægt er að dreifa greiðslum en heildarupphæð þarf að hafa borist inn á reikning ferðasjóðs a.m.k. 8 vikum fyrir brottför, en það er sá tími sem ferðasjóður hefur þurft að greiða lokagreiðslu til ferðaskrifstofu.
4. Ef nemandi hættir við að fara í skólaferðalag mætir hann í Valsárskóla á meðan aðrir nemendur eru í ferðinni. Nemandi sem ekki kemst í ferðina vegna alvarlegra veikinda eða gildra ástæðna getur fengið hluta endurgreiddan en þá eingöngu þá upphæð sem ferðin lækkar um vegna færri þátttakenda. Þar sem ýmiss kostnaður fæst ekki endurgeiddur hjá þjónustuaðilum vegna forfalla getur sá sem ekki kemst í ferðina ekki reiknað með að fá allt endurgreitt. Söfnunin er sameignar sjóður og því ekki eyrnamerkt hverjum og einum nemanda. Ekki er því hægt að fá endurgreitt úr sjóðnum eftir óskum, heldur verður það metið með tilliti til verðbreytinga eftir ferð vegna forfalla. Ef einhver endurgreiðsla á sér stað verður hún framkvæmd þegar búið er að greiða allan kostnað fyrir ferðina og þegar henni er lokið.

Skólastjóri sér um að fá tilboð í ferð ásamt aðal fararstjóra og hann skipuleggur ferð og kynnir fyrir nemendum og foreldrum. Nemendur og foreldrar geta komið með tillögu að aðal fararstjóra. Eðlilegt er að umsjónarkennari fari með í flestum tilfellum. Þurfi fararstjóra úr hópi foreldra með í ferðina þarf sá aðili að treysta sér til að taka fullan þátt sem fararstjóri og þekkja hópinn. Viljugir foreldrar bjóða sig fram og foreldrar og nemendur þurfa að koma sér saman um hver af þeim fer og skólastjóri þarf að samþykkja þann fulltrúa.

Kynnt skólaráð 26. febrúar 2026 og skólanefnd 12. mars 2026.